# REGLUGERÐ

**um (4.) breytingu á reglugerð nr. 200/1998**
**um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar, eins og henni var breytt með 1. gr. reglugerðar nr. 30/2000:

Orðin „Frost- og" í fyrirsögn greinarinnar falla brott.

Orðin „frost- og" í lið 5.1 falla brott.

Orðið „frostmerkja," og orðin „frost- og" þar sem þau koma fyrir í lið 5.2 falla brott.

Orðin „frostmerkinga og/eða" og „frostmerki og/eða" í lið 5.3 falla brott.

Orðin „frostmerktu eða", „frostmerkjum og/eða" og „frostmerkingu og/eða" í lið 5.4 falla brott.

Orðin „þó ekki á sömu staði á gripnum og frostmerkt er skv. táknkerfum 1 eða 2, sbr. 5.5" í lið 5.6 falla brott.

Liður 5.5 fellur brott og við það verður liður 5.6 að 5.5, liður 5.7 verður liður 5.6 og liður 5.8 verður liður 5.7.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í IX. kafla laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 12. mars 2009.*

F. h. r.

**Kristinn Hugason.**

*Guðlaug Jónasdóttir.*